


Verum vonglöð

THOMAS S. MONSON FORSETI

Verum vonglöð. Framtíðin er eins björt og trú ykkar.



Bræður mínir og systur, ég ann ykkur. Sú ábyrgð, að ávarpa ykkur, fyllir mig auðmýkt, en þó er ég þakklátur fyrir það tækifæri.

Síðan við hittumst síðast á aðalráðstefnu fyrir sex mánuðum höfum við séð áframhaldandi merki þess að aðstæður í heiminum séu ekki eins og við hefðum helst kosið. Fjármálakerfi heimsins, sem fyrir sex mánuðum virtist fara versnandi, virðist hafa tekið stefnu beint niður á við og í margar vikur hafa efnahagshorfur verið afleitar. Auk þess heldur siðferðileg fótfasta þjóðfélaga áfram að gefa sig og þeir sem reyna að tryggja þessa fótfestu eru oft hæddir, og stundum jafnvel lokað á þá og þeir ofsóttir. Styrjaldir,

náttúruhamfarir og persónuleg ógæfa, allt heldur þetta áfram.

Ef við leyfum okkur að dvelja aðeins við það sem að er í heiminum og í lífi okkar, yrði auðvelt að láta hugfallast og verða bitur varðandi framtíðina – eða jafnvel óttast það sem komið gæti. Í dag vil ég því beina hugsunum okkar og viðhorfi burt frá erfiðleikum í kringum okkur og þess í stað að blessunum okkar meðlima kirkjunnar. Páll postuli sagði: „Því að ekki gaf Guð oss anda hugleysis, heldur anda máttar og kærleiks og stillingar“¹.

Ekkert okkar kemst í gegnum lífið án erfiðleika og áskorana – og stundum hörmulegra áfalla og ógæfu. Við erum hér eftir allt að stórum hluta til að læra og vaxa af slíkum atburðum í lífi okkar. Við vitum að þær stundir koma, að við munum þjást, að við munum syrgja, að við verðum hrygg. Okkur er þó sagt: „Adam féll, svo að menn mættu lifa. Og menn lifa, svo að þeir megi gleði njóta“².

Hvernig getum við notið gleði, þrátt fyrir allt það sem blasir við okkur? Enn leitum við til ritninganna: „Verið þess vegna vonglaðir og óttist ei, því að ég, Drottinn, er með yður og mun standa með yður“³.

Saga kirkjunnar í þessari ráðstöfun í fyllingu tímanna er full af reynslu þeirra, sem hafa þurft að berjast og þó haldist staðfastir og vonglaðir, þegar þeir hafa gert fagnaðarerindi Jesú Krists að kjarna lífs síns. Þetta er viðhorfið sem mun hjálpa okkur gegnum hvaðeina sem á vegi okkar verður. Það mun ekki taka vandann frá okkur, heldur gera okkur mögulegt að horfast í augu við hann, bera höfuðið hátt og koma út sem sigurvegarar.

Of mörg til að hægt sé að nefna þau eru dæmin um alla þá einstaklinga sem hafa mætt miklum erfiðleikum en þó haldið ótrauðir áfram og sigrað, vegna þess að trú þeirra á fagnaðarerindið og á frelsarann hefur veitt þeim þann styrk sem þeir þurftu á að halda. Á þessum morgni vil ég þó deila með ykkur þremur slíkum dæmum.

Fyrst segi ég frá hjartnæmri reynslu úr minni eigin fjölskyldu, sem alltaf hefur veitt mér innblástur.

Langafi minn og langamma í móðurætt, Gibson og Cecelia Sharp Condie, bjuggu í Clackmannan í Skotlandi. Fjölskyldur þeirra unnu við kolanámur. Þau voru sátt við heiminn, umlukt ættingjum og vinum, og bjuggu í nokkuð þægilegu hverfi í landi sem þau unnu. Þá hlustuðu þau á boðskap trúboða frá Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu og snerust til trúar af djúpi sálar sinnar. Þau heyrðu kallið um að safnast til Síonar og vissu að þau yrðu að svara því kalli.

Einhvern tíma um 1848 seldu þau eigur sínar og bjuggu sig undir

erfiða ferð yfir hið máttuga Atlantshaf. Með fimm lítil börn héldu þau um borð í skipið með allar sínar veraldareigur í einu litlu kofforti. Þau ferðuðust tæpa fimm þúsund kílómetra leið yfir hafið – í átta langar og erfiðar vikur á vara-sömu hafinu, horfðu og biðu; mat-ur af skornum skammti, vatn lélegt og enga utanaðkomandi hjálp að hafa.

Mitt í þessum erfiðu aðstæðum veiktist Nathaniel litli. Þar var enginn læknir, engar verslanir þar sem kaupa mætti lyf til að lina þjáningar hans. Þau vöktu, þau báðust fyrir, þau biðu og þau grétu þegar honum hnignaði dag frá degi. Þegar augu hans lokuðust við dauðann var sem hjarta þeirra brysti. Það jók enn á sorg þeirra að reglum á hafi úti varð að hlýða. Vafinn í striga og þyngdur með járnri var litli líkaminn látinn síga niður í hina votu gröf. Er þau sigldu áfram vissu aðeins þessir foreldrar hve þungt höggið var á sært hjarta þeirra⁴. En með trú og djúpri sannfæringu um sannleikann og ást sína á Drottni, héldu Gibson og Cecelia áfram. Orð Drottins veittu þeim hughreystingu: „Í heiminum hafið þér þrenging. En verið hughraustir. Ég hef sigrað heiminn”⁵.

Hve þakklátur ég er fyrir áa sem áttu trú til að yfirgefa hús og heimili og ferðast til Síonar; sem færðu meiri fórnir en ég get gert mér í hugarlund. Ég þakka föður mínum á himnum fyrir það dæmi um trú, hugrekki og staðfestu sem Gibson og Cecelia Sharp Condie

gáfu mér og öllum niðjum sínum.

Ég kynni næst ljúfan og trúaðan mann, sem sýndi þann frið og þá gleði sem fagnaðarerindi Jesú Krists getur fært okkur.

Síðla kvölds á einni Kyrrahafseyju, rann lítinn bátur hljóðlega inn í lægi sitt við hrjúfa bryggjuna. Tvær pólynesískar konur hjálpuðu Meli Mulipola upp úr bátinum og leiddu hann að vel mörkuðum stíg sem lá að þorpsveginum. Konurnar dáðust að björtum stjörnunum sem tindruðu á miðnæturhimninum. Tunglið lýsti þeim á leið þeirra. Meli Mulipola gat samt ekki dáðst að þessari náttúrufegurð – tunglinu, stjörnunum, himninum – því að hann var blindur.

Sjón bróður Mulipola hafði verið eðlileg fram að þeim örlagaríka degi, þegar hann var að vinna á ananas plantekru, að ljósið slokknaði skyndilega og dagurinn varð að eilífu næturmyrkri. Hann varð dapur og örvinlaður þar til hann heyrði „gleðitíðindin” um fagnaðarerindi Jesú Krists. Hann lifði í hlýðni við kenningar kirkjunnar og öðlaðist von og gleði sína á ný.

Bróðir Mulipola og ástvinir hans höfðu ferðast langa leið, en þau höfðu heyrt að einn prest-dæmishafi Guðs væri í heimsókn á Kyrrahafseyjunum. Hann leitaði blessunar, og það orðu forréttindi mín og annars Melkisedeksprestdæmishafa að veita honum þá blessun. Að blessun lokinni tók ég eftir því að tár streymdu úr sjónlausum augum hans og runnu niður brúnar kinnar hans og féllu að lokum á þjóðbúning

hans. Hann féll á kné og bað:

„Ó Guð, þú veist að ég er blindur. Þjónar þínir hafa blessað mig, að sjón mín komi til baka. Hvort heldur að ég í visku þinni sé ljósið eða hvort ég sé myrkur alla mína ævi, þá verð ég að eilífu þakklátur fyrir sannleika fagnaðarerindis þíns, sem ég nú sé, og sem lýsir upp líf mitt.” Hann reis á fætur og þakkaði mér brosandir fyrir veitta blessun. Síðan hvarf hann mér sjónum út í hljóða nóttina. Hljóðlega kom hann; hljóðlega fór hann. En návist hans gleymi ég aldrei. Ég hugleiddi boðskap meistarans: „Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér, mun ekki ganga í myrkri, heldur hafa ljós lífsins”⁶.

Bræður mínir og systur, sérhvert okkar hefur það ljós í lífi sínu. Við erum ekki skilin eftir ein, sama hve leið okkar verður myrk.

Ég hef yndi af orðum M. Louise Haskins:

Og ég sagði við manninn sem stóð við hlið ársins:

„Gef mér ljós, svo að ég megi ganga öruggur inn í hið óþekkta!”

Og hann svaraði:

„Gakk inn í myrkrið og legg hönd þína í hönd Guðs. Það mun reynast þér betur en ljós og öruggara en vel þekktur vegur”⁷.

Lokadæmi mitt um þann sem heldur ótrauður áfram og að lokum sigrar, þrátt fyrir yfirþyrmandi erfiðleika, hefst í Austur-Prússlandi

eftir síðari heimsstyrjöldina.

Um það bil í mars 1946, tæpu ári eftir að stríðinu lauk, var Ezra Taft Benson, þá í Sveit hinna tólf, ásamt Frederick W. Babbel, falin sérstök eftirstríðsferð til Evrópu, í þeim tilgangi að hitta hina heilögu, meta þarfir þeirra og veita þeim þá aðstoð sem þurfti. Öldungur Benson og bróðir Babbel sögðu síðar, eftir vitnisburði sem þeir höfðu heyrt, frá reynslu kirkjumeðlims, konu sem var þá á svæði sem ekki var lengur undir stjórn þeirra ráðamanna sem áður höfðu ríkt.

Hún og eiginmaður hennar höfðu lifað góðu lífi í Austur-Prússlandi. Þá skall á önnur heimsstyrjöldin á þeirra lífstíð. Ástkær eiginmaður hennar lét lífið á lokadögum hinnar hræðilegu baráttu um heimaland þeirra, og hún stóð ein uppi með fjögur börn þeirra.

Hernámsaðilar tóku þá ákvörðun að Þjóðverjar í Austur-Prússlandi yrðu að fara til Vestur-Þýskalands og setjast þar að. Konan var þýsk og því varð hún að fara. Ferðalagið var um 1.700 kílómetrar og hún átti engan annan kost en að ferðast fótgangandi. Henni var leyft að taka aðeins með sér þær nauðsynjar sem kæmust fyrir í litlum vagni hennar sem var á tréhjólum. Ásamt börnum sínum og fátæklegum eigum, tók hún með sér sterka trú á Guð og fagnaðarerindið eins og það var opinberað síðari daga spámanningum, Joseph Smith.

Hún og börnin hófu ferð sína síðla sumars. Hún hafði hvorki matvæli né fé í eigum sínum og

neyddist því til að safna sér daglegu viðurværi af ökrum og í skógum á leiðinni. Henni stóð stöðug ógn af örvæntingarfullu flóttafólkinu og rænandi herflokkum.

Dagarnir urðu að vikum og vikurnar að mánuðum og hitinn fór niður fyrir frostmark. Dag hvern staulaðist hún yfir freðnar grundir, með yngsta barnið – ungbarn – í örmum sér. Þrjú önnur börn hennar bösluðu við hlið hennar, það elsta – sjö ára – dró litla vagninn sem geymdi eigur þeirra. Rifinn og tættur strigapoki var bundinn um fætur þeirra, eina vörn þeirra, því að skór þeirra voru fyrir löngu uppunir. Þunnir og rifnir jakkarnir skýldu þunnum og rifnum fötunum og voru eina vörn þeirra gegn kuldanum.

Brátt tók að snjóa og dagarnir og næturnar urðu að martröð. Á kvöldin reyndu hún og börnin að finna einhvers konar skýli – hlöðu eða útihús – og hjúfruðu sig saman til að reyna að fá hlýju, með nokkur þunn teppi úr vagninum ofan á sér.

Hún barðist stöðugt við að ýta frá sér yfirþyrmandi ótta um að þau færust áður en þau kæmust á leiðarenda.

Og einn morguninn gerðist það ólýsanlega. Þegar hún vaknaði fann hún kulda smjúga inn í hjarta sitt. Líkami litlu þriggja ára dóttur hennar var kaldur og kyrr, og henni var ljóst að dauðinn hafði tekið barnið. Þótt hún væri yfirkomin af sorg, vissi hún að hún varð að taka hin börnin og halda áfram. Fyrst notaði hún þó eina tækið sem hún hafði –

matskeið – og gróf gröf í frosna jörðina fyrir litla dýrmæta barnið sitt.

Dauðinn varð þó félagi hennar aftur og aftur á ferð hennar. Sjö ára sonur hennar dó, annaðhvort úr hungri, kulda, eða hvorutveggja. Enn var eina tæki hennar matskeið, og enn á ný gróf hún klukkustundum saman til að geta lagt jarðneskar leifar hans blíðlega í jörðu. Næstur dó fimm ára sonur hennar, og enn notaði hún matskeiðina fyrir skóflu.

Örvænting hennar var algjör. Hún átti aðeins ungbarnið, dóttur sína, eftir og henni fór hrakandi. Að lokum, er hún var að komast á leiðarenda, dó barnið í örmum hennar. Matskeiðin var nú horfin og því gróf hún í frosna jörðina með berum fingrum sínum. Sorg hennar var óbærileg. Hvernig gat hún mögulega kropið í snjónum og greftrað síðasta barnið sitt? Hún hafði misst manninn sinn og öll börn sín. Hún hafði gefið frá sér jarðneskar eigur, heimili sitt og jafnvel heimaland.

Á þessari stundu yfirþyrmandi sorgar og algers ráðleysis, fannst henni að hjarta sitt myndi bókstaflega bresta. Í örvæntingu hugleiddi hún hvernig hún gæti endað sitt eigið líf, eins og svo margir samlandar hennar gerðu. Hve auðvelt það yrði að henda sér fram af næstu brú, hugsaði hún, eða henda sér fyrir aðkomandi lest.

En þá, þegar þessar hugsanir gripu hana, sagði eitthvað innra með henni: „Krjúptu á kné og farðu með bæn.“ Hún leiddi þessa rödd hjá sér þangað til hún stóðst hana

ekki lengur. Hún kraup og það heitar en hún hafði nokkru sinni áður gert:

„Kæri himneski faðir, ég veit ekki hvort ég get haldið áfram. Ég á ekkert eftir – nema trú mína á þig. Ég finn, faðir, mitt í auðn sál- ar minnar, yfirþyrmandi þakklæti fyrir friðþægingarförn sonar þíns, Jesú Krists. Ég get ekki lýst nóg ást minni til hans. Ég veit að vegna þjáninga hans og dauða mun ég lifa á ný með fjölskyldu minni; veit að vegna þess að hann rauf helsti dauðans mun ég sjá börnin mín á ný og fá að njóta þess að ala þau upp. Þótt ég óski þess ekki á þessari stundu að lifa áfram, mun ég gera það, svo að við getum sameinast sem fjölskylda og snúið aftur – saman – til þín.”

Þegar hún að lokum komst á leiðarenda í Karlsruhe, Þýskalandi, var hún grindhoruð. Bróðir Babbel sagði að andlit hennar hefði verið öskugrátt, augu hennar rauð og bólgin og liðamót hennar sköguðu

fram. Hún var, bókstaflega, að verða hungurmorða. Á kirkjusamkomu skömmu síðar gaf hún dýrðilegan vitnisburð, sagði að af öllu því sjúka fólki í sínu hrjáða landi væri hún sú hamingjusamasta, vegna þess að hún vissi að Guð lifir, að Jesús er Kristur, og að hann dó, og reis upp svo að við mætum lifa á ný. Hún bar því vitni að hún vissi, að ef hún heldi áfram staðföst og trú allt til enda, myndi hún sameinast þeim sem hún hafði misst og verða hólpin í himnesku ríki Guðs⁸.

Í hinum helgu ritningum lesum við: „En sjá. Hinir réttlátu, hinir heilögu hins heilaga Ísraels, þeir sem trúað hafa á [hann], þeir sem borið hafa krossa þessa heims . . . þeir munu erfa Guðs ríki . . . og gleði þeirra verður algjör að eilífu”⁹.

Ég ber ykkur vitni um að þær blessanir sem lofað er eru ómælanlegar. Þótt stormskýjabólstrar hrannist upp, þótt regnið hellist

niður yfir okkur, mun vitneskjan um fagnaðarerindið og ást okkar á himneskum föður og frelsara okkar hughreysta okkur og styðja og færa okkur gleði í hjarta, þegar við göngum grandvör og höldum boðorðin. Ekkert í þessum heimi mun geta sigrað okkur.

Kæru bræður mínir og systur, óttist ekki. Verið vonglöð. Framtíðin er jafn björt og trú ykkar.

Ég lýsi því yfir að Guð lifir og að hann heyrir bænir ykkar og svarar þeim. Sonur hans, Jesús Kristur, er frelsari okkar og lausnari. Blessanir himna biða okkar. Í nafni Jesú Krists, amen.

HEIMILDIR

1. 2 Tím 1:7.
2. 2 Ne 2:25.
3. K&S 68:6.
4. Úr “History of Gibson and Cecelia Sharp Condie,” skrifuð 1937 af Thomas A. Condie fyrir fjölskyldu hans; ekki útgefið.
5. Jóh. 16:33.
6. Jóh. 8:12.
7. Minnie Louise Haskins (1875–1957), “God Knows,” úr *The Desert*, útgefið 1908.
8. Úr persónulegum viðræðum; einnig úr *On Wings of Faith*, eftir Frederick Babbel.
9. 2 Ne 9:18.

Kennsla fyrir okkar tíma

Melkisedeksprestdæmis og Líknarfélags lexíur á fjórða sunnudegi verða helgaðar „Kennsla fyrir okkar tíma.“ Hverja lexíu má byggja á einni eða fleiri ræðum frá nýjustu aðalráðstefnu. Stiku- eða umdæmisforsetar geta valið hvaða ræður skuli nota, eða þeir mega færa þá ábyrgð til biskupa og greinarforseta. Leiðtogar ættu að leggja áherslu á gildi þess að bræður í Melkisedeksprestdæminu og Líknarfélagssystur nemi frá sömu ræðunum á sama sunnudegi.

Þeir sem mæta í fjórða sunnudegs lexíu eru hvattir til að nema í og koma með í tíma nýjasta heftið af aðalráðstefnuræðunum.

Tillögur um undirbúning lexíu frá ræðunum

Biðjið um að heilagur andi sé með ykkur þegar þið nemið og kennið ræðuna. Það kann að vera freistandi að nota annað efni við

undirbúning lexíunnar, en ráðstefnuræðurnar eru hið samþykkt námsfni. Verkefni ykkar er að hjálpa öðrum að læra og lifa eftir fagnaðarerindinu eins og það er kennt á nýjustu aðalráðstefnu kirkjunnar.

Farið yfir ræðuna, leitið að reglum og kenningum sem mæta þörfum nemendanna. Leitið einnig að sögum, ritningatílvísunum, og yfirlýsingum úr ræðunni sem hjálpa ykkur að kenna þann sannleika.

Búið til yfirlit um hvernig þið kennið reglurnar og kenningarnar. Í yfirlitinu ættu að vera spurningar sem hjálpað geta nemendum:

- Leitið að reglum og kenningum í ræðunni.
- Hugsið um merkingu þeirra.
- Deilið skilningi, hugmyndum, reynslu, og vitnisburði.
- Beita þessum reglum og kenningum í lífi þeirra.

Mánuðir

Kennsluefni fjórða sunnudegs lexía

Máí 2009 – Október 2009

Ræður verða gefnar út í maí 2009 hefti *Liahona**

Nóvember 2009 – Apríl 2010

Ræður gefnar út í nóvember 2009 hefti *Liahona**

*Þessar ræður eru fáanlegar (á mörgum tungumálum) á www.lds.org